

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 24.02.2022	Kl. 13:15	Staður: Teams-fundur
Fundarboð: KEA	Fundarritari: RR	

1. Þórarinn Eyfjörð setur fundinn og fer yfir mál á döfinni ásamt starfsmönnum Sameykis.
 - a. Stofnun ársins, Jakobína Þórðardóttir deildarstjóri félagsdeildar.
 - b. Gott að vita og trúnaðarmannanámskeið, Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri.
 - c. Félagsfundir, Guðmundur Freyr Sveinsson deildarstjóri kjaradeildar.
2. Margmennning á vinnustað – Áskoranir og úrlausnir.
Hallfríður Þórarinsdóttir framkvæmdarstjóri Mirru fræðsluseturs.
3. Kaffihlé
4. Umræður: Hugmyndir að styrkingu vinnudeilusjóðs.
5. Umræður: Sameiginlegur styrktar-og sjúkrasjóður.
6. Önnur mál.

1. Ávarp formanns

Þórarinn Eyfjörð setti fundinn og fór yfir mál á döfinni. Ákveðið var að hafa þennan fund sem fjarfund eingöngu þar sem flestir fundargestir kusu að vera á Teams vegna bæði Covid og veðurs. Þórarinn sagði því næst frá gangi mála hjá Blæ húsnæðisfélagi ASÍ og BSRB en þar er byggt á sömu aðferðarfræði og hjá Bjargi en með víðari skírskotun, hjá Blæ séu einhver verkefni að fara í gang um þessar mundir. Rekstur Bjargs gangi ljómandi vel og að með þeirri aðferðafræði sem þar sé beitt sé bæði hægt að byggja hagkvæmt og tryggja skynsamlega og örugga leigu fyrir félagsfólk. Loks sagði Þórarinn frá því að þurfi að skipa í samninganefndir fyrir komandi kjarasamningsgerðir en Sameyki gerir 20 kjarasamninga (hluta í haust en hluta í mars á næsta ári)

a) Stofnun ársins

Jakobína tekur við og ræðir Stofnun ársins. En með nýju fyrirkomulagi var könnun sem fór fram í nóv.- des. (var áður gerð í feb.- mar.) Launakönnun er ekki gerð á hverju ári og svo urðu einnig breytingar á stærðarflokkum hjá ríkisstofnunum vegna sameininga m.a.

Viðurkenningar eru því nú veittar árið 2022 til vinnustaða fyrir árið 2021.

Jakobína sagði frá Málþingi sem fyrirhugað er að halda á undan. Málþing þetta fjallar um mannauðsmál og ber yfirskriftina; *Vellíðan og vöxur með betri vinnutíma*. Nokkrir sérfræðingar flytja fyrirlestra ásamt reynslusögum starfsmanna. Allt þetta fer fram á Hilton miðvikudaginn 16. mars kl. 12 og stofnun kl 16:30. Öll hvött til að taka frá tíma og skrá sig þegar þar að kemur. Bæði málþingið og stofnun ársins verða í boði í streymi líka. Allir trúnaðarmenn fá boðskort en mikilvægt er að þeir séu sýnilegir á þessum vettvegni sem og öðrum.

b) Gott að vita og fræðslutækifæri trúnaðarmanna

Jóhanna tekur við og ræðir um fræðslutækifæri trúnaðarmanna. Hvetur alla til að grípa tækifærin og nýta sér þá þessa fræðslu- þó svo að það séu erfiðir tímar í vinnu núna með mikilli covid manneklu. Búið að fresta einu námskeiði fram í maí vegna þessa. Félagsmálaskóli alþýðunnar sér um námskeiðin. Sum eru í fjarnámi og sum ekki og stundum er það beggja blands. Mikilvægt að hitta trúnaðarmenn og því áhersla á staðnámskeið eins og hægt er. Símenntunarnámskeið eru einnig í boði með áherslu á fjölbreytileika, samkennd og virðingu. Eins talaði Jóhanna um Gott að vita námskeið en þau voru auglýst í Sameykisblaðinu og á Facebook. Áhugaverð námskeið sem kannski opna nýjar hurðir, langfelst í fjarnámi. Vekur athygi á viðburðunum á FB síðu Sameykis.

c) Opnir félagsfundir

Guðmundur Freyr er næstur og ræðir félagsfundi. Rafrænir fundir í Teams með félagsmönnum á landsbyggðinni 6 af 8 fundum búnir og á þriðja hundrað manns skráð sig og óskir um fleiri fundi. Þessir fundir skiptast í 3 innlegg, stytting vinnuvikunnar (reynslan í bæði dag og vaktavinnu), áhrif heimsfaraldurs (Jakobína fór yfir könnun sem var gerð um heimavinnu og þar voru 60% þátttakanda var ánægt með heimavinnuna þó svo að maður sakni vinnufélaga og hreyfingu, rætt var um að blanda þessu saman, fjar og staðvinnu sem gæti verði mál inni framtíðarkjarasamninga og að gera opinbera starfsmenn að blóraböggjum (fréttir dýnja á okkur um að opinberir starfsmenn séu að stinga af í launaþróun en krónutöluhækkunarir vega þyngra sem prósentur á lægstu launin.) Auka félagsfundir hafa verið boðaðir 8. og 11. mars næstkomandi.

2. Margmenning á vinnustað

Hallfríður Þórarinsdóttir fjallaði um áskoranir og úrlausnir á vinnustöðum. Allar manneskjur vilja njóta virðingar og viðurkenningar, Hún segir mikilvægt að tileinka sér þá hugsun að allir eru manneskjur fyrst á undan öllum merkimiðum sem draga fólk í dilka. Hallfríður talaði um muninn á raunveruleika, jafnrétti, jafnræði og réttlæti og hverju það breytir að leggja áherslu á það sem er eins heldur en það sem er öðruvísi. Hallfríður sagði það ekki ganga upp að krefjast jafnréttis en jaðarsetja svo ákveðna hópa og að jafnræði snúist um valddreifingu óháð bakgrunni. Á Íslandi er menning ekki lengur í eintölu heldur fleirtölu. Betra er að leggja áherslu á kosti margbreytileika í stað þess að einblína á kosti einsleitni. Réttur til jafnræðis og bann við mismunun er grundvallarhugtal í alþjóðlegri mannréttindalöggjöf. Hallfríður velti upp þeirri spurningu um það hvernig vinnustaðir okkar standa sig í margbreytileika strategíu? Stefna vinnustaðarins skiptir miklu máli í þessum efnum. Hallfríður hvatti til þess að allir vinnustaðir skoði hvernig margbreytileikanum sé háttað hjá sér. Bæði á vinnustaðnum í heild og líka hjá hverjum fyrir sig.

3. Kaffihlé

4. Umræður: Hugmyndir að styrkingu vinnudeilusjóðs

Þórarinn fer yfir hugmyndir um leiðir til að styrkja vinnudeilusjóð fyrir komandi kjarasamningstímabil. Félagsgjald(árgjald) er ákveðið á aðalfundi hverju sinni (er núna 1% af heildarlaunum félagsfólks) félagsgjaldsið skiptist þannig: félagssjóður fær 0,87% og vinnudeilusjóður 0,13% Þórarinn fór yfir stöðu vinnudeilusjóðs og hver staðan yrði ef árgjaldið yrði hækkað. Þórarinn telur skynsamlegt að styrkja vinnudeilusjóð þar sem mögulega stefnir í átök í næstu kjarasamningsviðræðum. Þórarinn fór líka yfir áhrif á útgjöld félagsmanna með dæmum. Einnig velti hann fram þeirri hugmynd um að leggja fram tillögu

fyrir aðalfund um að hækka árgjaldið og viðbótin færi til vinnudeilusjóðs, hægt væri að gera þetta tímabundið. Þórarinn opnaði því næst fyrir umræður:

Erlingur Arthursson tekur til máls og segist fylgjandi hækkun. Pétur Ágeirsson tekur undir með Erlingi og segir nauðsynlegt að hafa sterkan sjóð með fælingarmátt.

Hendricus E Bjarnason er næstur og segir miserfitt fyrir fólk að borga þessa hækkun, er hægt að endurgreiða ef hann er ekki notaður? Þórarinn segir það sé flókið.

Þórunn tekur þá til máls og segir þetta geta verið of mikla hækkun fyrir þá sem eru með lægstu launin.

Gunnar Garðarsson spyr því næst hvort gerð hafi verið úttekt á hvað er eðlileg stærð á sjóði sem þessum?

Þórarinn svarar því að sjóðurinn sé sterkur í vel skipulögðum verkföllum.

5. Umræður: Sameiginlegur styrktar-og sjúkrasjóður.

Þórarinn kynnir stuttlega báða þá styrktar og sjúkrasjóði sem félagar Sameykis geta sótt í. Það þykir nauðsynlegt að allt félagsfólk Sameykis tilheyri sama styrktar og sjúkrasjóði. Þórarinn sagði frá vinnudegi allra sjúkrasjóða innan BSRB og að niðurstaðan eftir þann dag var sú að ekki væri vilji til að sameinast en að það væri mikill vilji fyrir góðu samstarfi. Því næst var farið yfir fjárhagslegar forsendur og fordæmi. Félagssjóð Sameykis hefur greitt meira inn í Styrktar og sjúkrasjóð BSRB en það hefur tekið út og munar þar 10 milljónum. Styrktar og sjúkrasjóður Sameykis er sterkur. Þórarinn kynnir samanburð á réttindum milli sjóðanna og eru þau mjög sambærileg en með einhverjum mun þó. Spurningar um hvað gerist þegar Sameykisfélagar færast yfir en samtalið um það er enn í gangi. Opið fyrir umræður:

Pétur Ásbjörnsson tekur til máls og segist hlynntur einum Sameykissjóði og hrósar Hránnari fyrir vel unnin störf.

Erlingur Athursson: vildi taka undir með Pétri.

6. Önnur mál

Gunnar Garðarsson: Hvernig er staðan með stofnanasamninga? Þórarinn búin að gangsetja þá samninga sem eru fremstir í röðinni.

Höskuldur Einarsson: Kjarasamningsviðræður í vor og stytting vinnuviku í vaktavinnu sem nær stundum niður 32 tíma og hvort það standi til að gera slíkt hið sama hjá dagvinnufólki

Þórarinn: það stendur ekki til enda ekki forsendur til því vaktavinnufólk vinnur erfiðari vaktir en dagvinnufólk og á því skilið meiri styttingu, svo er líka ennþá skilgreint í kjarasamningum að vinnuvikan sé 40 stundir. næsta verkefni er að fá 36 stundir skráðar

Erlingur Arthursson: Baráttukveðjur til félaga okkar í Úkraínu.

Þórarinn þakkar fyrir fundinn.

Fundi slitið kl. 15:30